

## REGLUGERÐ

### um (6.) breytingu á reglugerð nr. 451/2013 um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði sjúkratryggðra við tannlækningar.

#### 1. gr.

15. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Greiðsluþátttaka sjúkratrygginga tekur aðeins til kostnaðar vegna nauðsynlegra tannlækninga og tannréttinga vegna eftirtalinna tilvika:

1. Skarðs í efri tannboga eða klofins góms, harða eða mjúka, sem valdið hefur alvarlegri tannskekku. Sama á við ef meiri líkur en minni eru á að afleiðingar fæðingargallans verði alvarlegar.
2. Annarra heilkenna sem geta valdið sambærilega alvarlegri tannskekku, sbr. 1. tl. Sama á við ef líkur eru á að afleiðingar heilkennisins verði alvarlegar.
3. Meðfæddrar vöntunar fjögurra eða fleiri fullorðinstanna framan við 12 ára jaxla.
4. Annarra sambærilega alvarlegra tilvika, svo sem alvarlegs misræmis í vexti beina í höfuðkúpu og kjálka þar sem meðferð krefst kjálkafærsluaðgerðar þar sem bein eru bæði tekin í sundur og fest á nýjum stað í sömu aðgerð.

#### 2. gr.

Í stað orðanna „Heimildin gildir frá og með 1. janúar 2017 til og með 31. desember 2018“ í 2. málsl. 21. gr. kemur: Heimildin gildir frá og með 1. janúar 2019 til og með 31. desember 2020.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 2. mgr. 20. gr., 1. mgr. 29. gr., 2. mgr. 38. gr. og 55. gr. laga um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum öðlast þegar gildi.

*Velferðarráðuneytinu, 17. desember 2018.*

**Svandís Svavarsdóttir**  
heilbrigðisráðherra.

*Guðrún Sigurjónsdóttir.*

B-deild – Útgáfud.: 28. desember 2018

Leiðrétt skjal 18. janúar 2019